

REGLUGERÐ

um búnað, rekstur og eftirlit með lyftum og lyftubúnaði.

I.

GREINING OG GILDISSVIÐ REGLUGERÐARINNAR

1. gr.

Skilgreining.

1. Lyftugöng merkir í reglugerð þessari leið þá, sem lyftustóllinn fer eftir.
2. Lyfta og lyftibúnaður merkir í reglugerð þessari:
 - a. Lyftibúnaður með krók, stól eða palli, sem hreyfist án fastra stýringa milli hæða, sillna eða palla.
 - b. Lyftibúnaður með föstum stýringum, þar sem byrðinni er lyft með þrýstivökva (borin af kólfi) eða hún hangir í streng (keðju), sem gengur yfir stóltromlu eða dráttarhjól og notaður er til lyftingar milli hæða, sillna eða palla.
 - c. Lyftibúnaður sérstakrar gerðar, svo sem lyftibúnaður leiksviðs. Við hann getur Öryggiseftirlitið leyft frávik frá ákvæðum reglugerðar þessarar eða fyrirskipað þann búnað, sem það telur æskilegan.
3. Utanþegin ákvæðum reglugerðar þessarar eru færibönd, bréfa- og bókalyftur, smályftur með minna en 10 kg burðargetu og með minna en 500 cm² gólfplatarmáli lyftustóls, svo og bráðabirgðalyftitæki, svo sem taliur og verkpallalyftibúnaður.

2. gr.

Flokkun.

Lyftur og lyftibúnaður, sem reglugerð þessi tekur til, skiptist í eftirfarandi flokka:

- a. Lyftibúnaður með allt að 100 kg burðargetu.
 1. Smályfta, þar sem lyftustóll gengur á milli fastra stýringa í lyftugöngum, sem ekki hefur meira en 1 m² þverflatarmál og þar, sem hæð lyftustólsins og dyra í lyftugöngum er ekki meira en 1 m (sbr. 5. gr.) og mannflutningar bannaðir.
 2. Vindur án lyftustóls (sbr. 6. gr.).
- b. Vörulyftur, sem ekki má nota til fólksflutninga og eru með meira en 100 kg burðargetu.
 1. Með lyftustól, sem gengur milli fastra stýringa.
 2. Án lyftustóls (vindur sbr. 6. gr.).
- c. Vöru-fólkslyftur, þ. e. vörulyftur, sem einnig má nota til fólksflutninga.
 1. Með lyftuverði.
 2. Án lyftuvarðar (sjálfvirkar).
- d. Fólkslyftur.
 1. Með lyftuverði.
 2. Án lyftuvarðar (sjálfvirkar).
 3. Sígangandi lyftur (rennistigar, Eskalatorar) sbr. 8. gr. og Paternosterlyftur, sem ekki eru skilgreindar hér.
 4. Með samsettu stjórnkerfi (notaðar ýmist sem sjálfvirkar eða með lyftuverði).

II.

ALMENN ÁKVÆÐI

3. gr.

Efni og hönnun.

1. Lyfta með tilheyrandi vélakerfi og göngum skal gerð úr fulltraustu efni og hafa nægan styrkleika við öll rekstrarskilyrði. Allir hlutar lyftu skulu vera varðir gegn óviðkomandi áhrifum og allir hreyfihlutar hennar þannig afgirtir, að mönnum stafi ekki hættu af þeim.

Auk þess að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru í reglugerð þessari, skal sérhver lyfta gerð samkvæmt þeim kröfum, sem kunna að vera settar í byggingar-samþykktum, brunamálasamþykktum og samþykktum Rafmagnseftirlits ríkisins.

2. Sérhver lyfta skal merkt með spjaldi, sem á sé letrað nafn framleiðanda lyftunnar, framleiðsluár og númer.

4. gr.

Seljandi lyftu ábyrgist með undirskrift sinni á tilkynningareyðublaði því, sem um getur í 34. gr., að lyftan uppfylli að öllu leyti kröfur þær, sem gerðar eru í reglugerð þessari.

5. gr.

Smályftur skv. flokki a 1.

Eftir því sem við getur átt gilda ákvæði eftirtalinna greina um smályftur, sem falla undir flokk a 1:

1. gr., 2. gr., 3. gr., 4. gr., 6. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr., 13. gr., 15. gr., 16. gr., 1.—3. tl., 17. gr., 1. tl., 20. gr. 2. tl., 21. gr. 2. tl., 22. gr. 1.—5. tl. og 7.—8. tl.
23. gr., 25. gr. 1.—2. tl., 26. gr. 1. tl., 28. gr. 1.—4. tl., 29. gr. 1.—2. tl., 30. gr., 31. gr., 32. gr. og 34.—39. gr.

Fari lyftan að einhverju leyti fram úr stærðartakmörkunum t. d. varðandi burðargetu eða þverflatarmál lyftuganga, ber að flokka lyftuna undir vörulyftur, flokk b. 1.

6. gr.

Vöruvindur skv. flokki a 2 og b 2.

1. Lyftitæki án stóls og vöruvindur eru leyfðar, ef þær fullnægja eftirfarandi kröfum, þó með þeim skilyrðum, sem Öryggiseftirlitið kann að setja í hverju einstöku tilfalli.
2. Slík lyftitæki má ekki staðsetja yfir gangvegum eða inngöngum í hús. Undanþágu frá þessu ákvæði getur Öryggiseftirlitið veitt í vissum tilvikum.
3. Vél lyftunnar skal þannig hönnuð, að séð sé fyrir því, að þungi, sem verið er að slaka niður, fari ekki fram úr eðlilegum slökunarhraða, þó að handhemill verki ekki eða kraftstraumurinn rofni skamma stund.
4. Vélknúð lyftitæki skal hafa sjálfvirkan stöðvibúnað, sem stöðvar vinduna, þegar byrðin hefur náð neðstu eða efstu stöðu.
5. Strengur sá eða strengir, sem byrðin hangir í, skulu hvað styrkleika snertir vera með 5-földu öryggi og er þá einungis reiknað með togátaki.
6. Þegar lyftitækið er utan húss, skulu húsdýr vera með þverslá eða hafa annan líkan búnað til að koma í veg fyrir, að menn falli út um þær.

Beggja megin í dyrakörnum skulu vera traust handföng.

7. Þegar lyftitækið er innan húss og einungis göt í gólfum, skulu sjálfverkandi hlerar vera yfir götunum eða traust handrið, sem hægt er að setja við þær hliðar **opsins, sem ekki er verið að vinna við.**
8. Hámarkslyftihraði fyrir vindur er 1,5 m/sek. Eftir því, sem við á gilda ákvæði þeirra greina, sem taldar eru í 5. gr. um vöruvindur.

7. gr.

Lyftur bornar af kólfi.

Vökvaþrýstilyftur geta fallið undir ákvæði um vöru- eða fólkslyftur, sbr. fl. b 1, c eða d, eftir ástæðum, en auk þess gilda um þær eftirfarandi sérákvæði:

1. Við lyftur, sem hreyfðar eru af burðarkólfi verður tenging stólsins við kólfinn að vera svo traust, að andvægi, sem kann að vera á lyftunni, geti ekki undir neinum kringumstæðum lyft stólnum frá kólfinum.

Ef andvægið er þyngra en tómur stóllinn, verður fallhemill að vera á andvæginu.

2. Í aðrásinni til vökvaþrýstistrokksins skal vera pípubrotsloki rétt við strokkinn til þess að koma í veg fyrir að stóllinn falli með meiri hraða en eðlilegum ganghraða þó að aðrásarpípan brotni.

Þessi öryggisbúnaður skal prófaður á þann hátt, að stóllinn er fulllestaður og síðan skyndilega opnað fyrir oliustrauminn.

3. Til þess að koma í veg fyrir, að stóll vökvaþrýstibúinnar lyftu sígi niður frá hæð, sem hann stendur við, skal vera sjálfvirkur búnaður, sem heldur stólnum við hæðina.

8. gr.

Rennistigar (Eskalatorar) skv. flokki d 3.

1. Stiginn með tilheyrandi vélum á að vera unninn úr góðu efni og hafa nægan styrkleika fyrir öll rekstrarskilyrði.
2. Vélarnar eiga að vera innilokaðar og þannig frá þeim gengið, að óviðkomandi komist ekki að þeim.
3. Þannig skal frá stiganum gengið, að fólki, sem fer hann sé ekki hætta búin, þegar það stigur á hann og af honum.
4. Handrið stigans á að vera með handlista, sem fylgir hreyfingu stigans og skal handlistinn þannig tengdur handriðinu, að fólki stafi ekki hætta af honum.
5. Við þá staði, sem handlistinn hverfur niður í handriðið, skal vera rofi, sem þegar stöðvar handlistann, ef þess gerist þörf.
6. Á hverri hæð skal vera stöðvihnappur og gangsetningarhnappur, en þannig skal frá gangsetningarhnappnum gengið, að lykil þurfi til að nota hann.
7. Við báða enda stigans skal vera skilti á áberandi stað og á það eftirfarandi greinilega letrað:

Hámark 2 menn á hvert þrep.

Börn innan 6 ára einungis í fylgd með fullorðnum.

Göngustafir og regnhlífir mega ekki hvíla á stiganum.

Stöðvihnappa uppi og niðri má einungis nota í neyðartilvikum.

IV.

ALMENNAR FÓLKS- OG VÖRULYFTUR

Flokkur c 1 og 2, og d 1, 2 og 4.

9. gr.

Lyftur innanhúss.

1. Veggir lyftuganga skulu vera sléttir og mishæðalausir. Eftir því sem föng eru á skulu veggir vera án útstandandi hluta og innskota. Öll lyftugöng, sem eru steinsteyppt eða múrhlaðin, skulu múrhúðuð innan eða að minnsta kosti sementsþvegin og borin rykbindandi efni. Þekja yfir lyftugöngum skal vera úr eldtraustu efni eða veggir lyftuganganna ná 0,3 m upp fyrir þakflöt hússins. Sé ekkert op á þekju lyftuganganna skal á ofanverðum veggjum þeirra vera loftrás út, sem ekki sé minna en 100 cm² að flatarmáli.
2. Í vélarrúmi, strengjahjólarrúmi og lyftugöngum mega eingöngu vera tæki, sem tilheyra lyftunni, með eftirfarandi undantekningum:

Gegnumgangandi pípuleiðslur og rafmagnsstrengir mega liggja gegnum vélarrúm og strengjahjólarrúm, ef slíkt er úr traustu efni og vel fest. Slíkir hlutir mega ekki vera upp af neinum hluta tilheyrandi lyftunni eða á nokkurn hátt draga úr hæðinni til lofts yfir lyftunni eða innihalda eldfimar, sprengifimar eða eittraðar gastegundir.

Rafmagnsleiðslur, sem ekki tilheyra lyftunni, geta í sérstökum undantekningum verið í lyftugöngum, þó með því skilyrði, að engar greinar út úr þeim eða bræðivör þeim tilheyrandi séu í lyftugöngunum.

Leiðslur, sem flytja háspennntan straum skal vera hægt að frátengja utan við lyftugöngin, en að gerð og styrkleika skulu þær fullnægja gildandi reglum um raforkuvirki.

Áður en rafmagnsleiðslur eru lagðar í lyftugöng skal leita samþykkis Öryggiseftirlitsins um legu þeirra.

Hanar, lokar, greiningar o. þ. h. á pípuleiðslum, svo og hreinsi- og eftirlitsop mega ekki vera í vélarrúmi, strengjahjólarrúmi eða lyftugöngum.

3. Lyfta má að öllu jöfnu ekki vera í nánd við eldstæði eða við sali þar sem vinna fer fram, sem eldhætta stafar af. Veggir lyftuganganna skulu vera úr eldtraustu efni og einungis með nauðsynlegum dyrum og ljósopum.

Eldtraustir veggir lyftugangna teljast 10 cm þykkir veggir úr járnbentri steinsteypu eða öðru jafntraustu efni, sem byggingafulltrúi samþykkir.

Undanþegnar eldtraustum lyftugöngum eru:

- a. Lyftur í stigahúsum eða lyftur, sem ganga milli sillna eða palla.
 - b. Lyftur, sem einungis ganga milli tveggja hæða og eru þannig gerðar, að annað hvort lyftustóllinn eða sjálfvirkir hlerar loka gólfopinu að fullu, bæði í efstu og neðstu stöðu.
 - c. Smályftur (2. gr. a og 5. gr.) í einkaíbúðum, sem einungis ganga milli tveggja hæða.
 - d. Lyftubúnaður í húsum, þar sem starf hefur ekki eldhættu í för með sér, t. d. í vörugeymslum o. þ. h. Þó skal í slíkum tilfellum leita heimildar brunavarnaeftirlits.
4. Ef göt fyrir andvægi, strengi, stýringar eða annað tilheyrandi lyftu, eru í gólfum utan við lyftugöng, skal slíkt lokað inni í stokk úr eldtraustu efni alla leið frá gólfi til efri brúnar gats í næsta gólfi.

5. Séu tvær eða fleiri lyftur í samliggjandi göngum skulu þær aðskildar alla leiðina (sbr. 13. gr.). Í skilin má nota stálþráðarnet eða annað, sem ekki brennur.
6. Botn lyftuganga (gryfju) skal vera svo traustur, að hann þoli, að fullhlaðinn lyftustóll eða andvægi falli á hann eða höggdeyfa hans með fullum hraða.
Ef vistarverur eru undir lyftugöngum eða umferð þar möguleg, skulu fall-hemlar vera bæði á lyftustól og andvægi.
Ef dýpt gryfju er meiri en 1 m og engar dyr inn í hana, skal vera fastur stigi upp úr henni.
Ef dýpt gryfju er meiri en $2\frac{1}{2}$ m og að henni liggur herbergi, skulu dyr vera á milli. Sé erfiðleikum bundið að hafa dyr til gryfjunnar, má leyfa stiga með handlista frá neðsta viðkomustað lyftunnar.
7. Sé hætta á því, að vatn renni niður í gryfjuna, skal afrennsli vera frá henni. Gangi gryfja niður í grunnvatnshæð skulu veggir og botn hennar vera vatns-heldir. Varðandi hæð og dýpt lyftuganga sjá 27. gr. 1. og 2. lið.

10. gr.

Lýsingarop á lyftugöngum.

1. Lýsingarop og dyr á veggjum lyftuganga, sem ekki eru útveggir, skulu vera með að minnsta kosti 6 mm eldtraustu gleri í föstum eldtraustum körmum.
2. Samanlögð ljósop á lyftugöngum, sem krafizt er að sé með eldtraustum veggjum, mega ekki á neinni þeirra hæða, sem lyftugöngin liggja í gegnum, fara fram úr 1/10 af þverflatarmáli ganganna.

11. gr.

Dyr í veggjum lyftuganga og umgerð lyftu.

1. Allar dyr á veggjum lyftuganga skulu vera með hurðum, sem ekki geta gengið inn í lyftugöngin.
Óhindruð breidd dyranna má ekki vera meiri en breidd dyra lyftustólsins.
Sú hlið hurðar, sem veit inn í lyftugöngin, skal vera í sama fleti og innan-verður veggflötur lyftuganganna og læsingarhúnar mega ekki skaga inn fyrir hurðarflötinn.
Hurðir í dyrum lyftuganganna skulu þannig gerðar, að þær skeri sig greinilega frá öðrum hurðum í húsinu.
2. Hurðir og karmar dyra á lyftugöngum, sem krafizt er, að séu eldfastir, skulu vera úr eldtraustu efni. Ef dyr að lyftugöngum eru á útvegg, getur Öryggis-eftirlitið veitt undanþágu frá þessu ákvæði.
3. Hurðir í dyrum lyftuganga, sem ekki þurfa að vera eldtraustar, skulu þó uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til umgerðar lyftuganga (sbr. 13. gr.).
Ef nauðsynlegt er, að hurðir falli nákvæmlega að karmi, t. d. ef á þeim eru rafmagnssnertlar og hurðir úr tré, skal sú hlið hurðarinnar, sem snýr inn í lyftugöngin vera klædd 1 mm þykkri stálplötu eða vera styrkt með járnvirki.
4. Ef gler er í hurð lyftuganga má þykkt þess ekki vera minni en 6 mm. Skal glerið vera stutt að utanverðu með málmpóstum með ekki meira en 15 cm milli-bili. Glerið skal fellt í traustan ramma úr málm.
- Sé glerið ekki járnþent má það ekki ganga lengra niður en í 75 cm fjarlægð frá þrepi eða gólfi.
5. Dyrakarmar skulu vera úr traustu „prófilstáli“, vel festir í vegg lyftuganga eða lyftuumgerðar.
6. Við lyftur, sem falla undir flokk b, c eða d skal gægjugat vera á hurðum. Ef hurðir eru vængjahurðir nægir, að gægjugat sé einungis í öðrum vængnum. Í

gægjugatinu skal vera eldtraust gler í föstum eldtraustum ramma, shr. 10. gr., og minnsta glerþykkt 6 mm. Breidd réttthyrnds gægjugats skal ekki vera minni en 10 cm og ekki meiri en 15 cm, hæð ekki minni en 40 cm og flatarmál ekki yfir 0,15 m².

Minnsta hæð neðri brúnar gægjugats frá gólfi 75 cm. Hringlaga gægjugöt mega ekki hafa meira en 15 cm þvermál og séu fleiri en eitt í hurð, skal eitt þeirra vera í 1,5 m hæð frá gólfi. Öryggiseftirlitið getur leyft aðra lögun gægjugata.

Matt gler má ekki vera í gægjugati.

Ef hurðir eru sjálfvirkar rennihurðir eða ef hurðir eru skv. 4. lið þessarar greinar, gilda framangreind ákvæði ekki.

7. Á frambrún sjálfvirkra rennihurða við lyftur, sem falla undir flokk c og d skulu vera þreifilistar, sem við snertingu stöðva lokunarhreyfingu hurðarinnar og setja hana á gagnstæða hreyfingu.

12. gr.

Vélar- og strengjahjólarúm.

1. Hreyfivél lyftu með tilheyrandi tækjum skal vera í þar til gerðu rými, sem er aðgengilegt, en læst og með raflýsingu og tengli.

Vélarrúmið má ekki vera gegnumgangur til annarra herbergja. Gegnumgangur fyrir starfsmenn, sem sjá um viðgerðir og viðhald annarra véla og tækja, sem í húsinu eru, má þó vera gegnum vélarrúm lyftu, ef það er nægilega stórt til þess, en þá skulu vélar og tæki lyftunnar aðskilin frá ganginum með girðingu úr stálþráðarneti. Möskvastærð netsins má ekki vera meiri en 20 mm, þó má möskvastærð vera allt að 50 mm, ef fjarlægð netsins frá næsta hreyfihluta lyftivélar er meiri en 150 mm.

Vélarrúmið skal vera eldtraust. Fjarlægðin milli yzta hluta vélar og veggjar skal á tvo vegu þar sem staðið er, þegar vélinni er snúið með sveif, vera að minnsta kosti 0,5 m. Hæð frá gólfi til lofts í vélarrúminu skal vera að minnsta kosti 1,8 m þar, sem lægst er.

Hreyfihlutar vélar, sem hætta getur stafað af, skulu vera með hlífum.

Við dyr inn í vélaklefa skal vera skápur með læstri glerhurð og skal vara-lykill að vélaklefanum geymdur í honum.

Vélarrúmið skal að svo miklu leyti, sem við verður komið, vera rykþétt aðskilið frá lyftugöngunum.

Veggir vélarrúmsins skulu múrhúðaðir eða sementsþvegnir og bornir rykbindandi efni, eða málaðir með olíumálningu.

Við smályftur samkv. 2. gr. fl. a1 þarf ekki að uppfylla framangreind skilyrði varðandi stærð vélarrúms, ef vélar eru þannig staðsettar, að hættulaust verði komið að þeim til eftirlits og viðhalds.

2. Sé aflgjafi lyftunnar rafmagn, skulu veggir, þak og gólf vélarrúms vera úr eldtraustu efni.
3. Aðgangur að vélarrúmi lyftu skal vera greiður, gegnum dyr eða lúgu. Þurfi tröppu eða stiga til að komast til vélarrúmsins, skal stigin vera fastur með flötum þrepum og handlista til stuðnings beggja megin.

Gangþrep steypt í vegg teljast ekki fullnægjandi.

4. Hurðir í dyrum til vélarrúms skulu vera sjálflokandi og, ásamt körmum, eldtraustar.

Á úthlið hurðarinnar skal vera spjald, úr varanlegu efni, sem á er letrað:

„Vélarrúm fyrir lyftu.

Óviðkomandi bannaður aðgangur.“

5. Snagar fyrir föt skulu vera í vélarrúminu.
6. Vélarrúmið skal vera hægt að hita og loftræsta þannig, að hiti þar haldist milli $+5^{\circ}$ og $+40^{\circ}$ C.
7. Klefar fyrir strengjahjól, hraðastilli og önnur tæki tilheyrandi lyftu skulu vera svo stórir, að eftirlit verði framkvæmt án hættu. Klefinn skal vera læstur.
Aðgöngumöguleikar skulu vera eins og krafizt er fyrir vélarrúm.

13. gr.

Umgerð lyftuganganna.

1. Við lyftur innanhúss þar, sem umgerð lyftuganganna er ekki úr eldtraustu efni (sbr. 9. gr. 3. liður) skal umgerðin vera úr öðru fulltraustu efni alla hæð lyftuganganna (sbr. 3. liður).
2. Við lyftur utan á húsum skal umgerð um lyftugöng ná að minnsta kosti upp í 2,10 m hæð (sbr. 3. liður) yfir efsta gólf.
3. Umgerð lyftuganga skal vera úr efni, sem ekki getur brunnið.

Undanskildar þessu ákvæði eru þó smályftur, sem getið er í 9. gr. 3. tl.

Ef umgerðin er rimlar, stálþráðarnet eða svipað efni, má bilið milli rimla eða möskvastærðin ekki vera meiri en 20 mm. Þar sem fjarlægðin milli lyftu-umgerðar og lyftustóls eða andvægis er minni en 50 mm má möskvastærðin ekki vera meiri en 10 mm.

Aldrei má fjarlægð stóls til veggjar vera minni en 25 mm.

Í neti með 10 mm möskvastærð má þráðargildleikinn ekki vera undir 1,4 mm. Sé möskvastærðin meiri má þráðargildleikinn ekki vera minni en 1,8 mm.

Þeir veggir lyftuganga, sem ekki snúa að stöldrym, mega að nokkru eða öllu leyti vera úr gleri, þó því aðeins að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:

Ef þykkt glersins er 6 mm má hæð þess eða breidd í veggfletinum ekki fara fram úr 0,7 m.

Ef þykkt glersins er 8 mm má hæð þess eða breidd í veggfletinum ekki fara fram úr 1,0 m.

Ef þykkt glersins er 10 mm eða ef notað er hert gler með að minnsta kosti 6 mm þykkt má hæð þess eða breidd í veggfletinum vera meiri en 1 m.

Glerið skal vera í römnum úr stáli eða öðrum málmni og fest í rammanna með listum úr sama efni.

Til hlífðar gleri í vegg lyftuumgerðar, þar sem veggir ganga upp í gegnum gólf eða upp með stigum skal vera að minnsta kosti 75 cm hátt grindverk með 15 cm breiðri stálplötu neðst. Grindverkið skal vera nægilega þétt til að gefa örugga vernd.

14. gr.

Lyftustólar, hurðir þeirra og gluggar.

1. Hliðar lyftustóls, sem ekki eru með dyrum skulu vera þétt klæddar með fulltraustu efni. Á lyftustólnum skal einnig vera þak, það traust, að það þoli þunga eins manns.

Þakinu má sleppa á palllyftum með lyftibogum fyrir fallhlera.

2. Í lyftustólum, sem falla undir flokk b eða c mega veggir vera klæddir stálþráðarneti, ef möskvastærð er ekki meiri en 15 mm og netklæðningin gengur ekki lengra niður en í 90 cm frá gólfi lyftustólsins.
3. Glugga á lyftustól getur Öryggiseftirlitið leyft, þó því aðeins að í þeim sé hert gler að minnsta kosti 6 mm þykkt, og hámarksstærð þeirra 0,75 m².

Gluggar eru ekki leyfðir í lyftustólum í fjölbýlishúsum.

4. Við lyftur til mannflutninga (flokkur c og d 1, 2 og 4) skal vera rimla- eða rennigrind í stól, ef þar er ekki hurð. Ekki má vera hægt að setja stólinn á hreyfingu, nema dyr hans séu lokaðar, sbr. 5., 8. og 9. lið. Fjarlægð milli rimla í rennigrindinni má ekki vera meiri en 10 cm.

Eldri lyftur, þar sem fjarlægð milli rimla er meiri en 10 cm, skal klæða grindina með leðri eða öðru álíka efni.

5. Í vörulyftum til mannflutninga (flokkur c), sem ekki ganga hraðar en 0,6 m/sek. má sleppa rimlagrindinni, ef dyr stólsins snúa gegn sléttum vegg, sem ekki hefur neinar ójöfnur út eða inn, sem eru meira en 5 mm og ef fjarlægðin milli frambrúnar á gólfi lyftustólsins og þilsins er hvergi meiri en 3 cm. Innfelld handföng fyrir hurðarlokur eru þó leyfð.
6. Lyftustólar til mannflutninga (flokkur d), sem hafa þéttar hurðir skulu vera með loftræstiopum að ofan.
7. Fjarlægðin milli fremstu brúnar gólfs í dyrum lyftustóls og þils í lyftugöngum má hvergi fara fram úr 3 cm.

Fjarlægð rennigrindar í stól frá vegg í lyftugöngum eða dyrum í lyftugöngum má hvergi vera meiri en 15 cm.

8. Fólks-lyftur (flokkur d 2) mega geta gengið með tómum lyftustól, þó að stóldyr séu opnar, ef gólf stólsins er hreyfanlegt og rýfur strauminn til ytri hnappa, þegar stigið er á það og gerð veggjar lyftuganganna og fjarlægðin til hans uppfylla kröfur 5. liðar þessarar greinar.
9. Við sjálfvirkar fólks-lyftur (flokkur d 2), sem ganga með allt að 1 m/sek. hraða, má lyftustóllinn vera án rennigrindar í dyrum, ef einungis einar dyr eru á stólnum (sjá þó 12. lið), sem snúa gegn lóðréttum sléttum vegg, sem er múrhúðaður, „spartlaður“ og málaður. Hurðir í dyrum veggjarins skulu vera sléttar, án útstandandi hluta eða dælda. Fjarlægðin milli frambrúnar gólfs í dyrum stólsins og veggjar í lyftugöngum má ekki vera meiri en 15 mm. Fjarlægð frá þakbrún til veggjar 7,5 cm.

Í lyftustólum án grindar í dyrum má í stað hreyfanlegs gólfs nota rekstraröruggan tímalíða. Veggur og hurðir í dyrum lyftuganga skulu málaðir mismunandi litum.

Listar, sem ekki liggja lóðrétt og kunna að standa út úr vegg lyftuganganna mega ekki standa lengra en 3 mm út úr honum og þá skulu brúnir þeirra ská-sniðnar þannig, að hliðarnar myndi 20° horn við lóðréttan flöt.

Sams konar listar, sem eru lóðréttir, skulu sniðnir á endanum 20° horn við lóðréttan flöt.

10. Í dyrum lyftustóls, sem ekki eru lokaðar með rennigrind, skal vera öryggisþröskuldur, sem við þrýsting hreyfist niður á við og inn mót stólgólfinu og stöðvar stólinn.

Ekki má stólinn geta farið aftur af stað fyrr en þröskuldurinn er kominn í sína upprunalegu stöðu, og þá gegn kvaðningu úr stólnum, ef við verður komið.

11. Á stól fyrir fólks-lyftur mega ekki vera fleiri en þrennar dyr. Ef fjarlægðin milli tveggja gagnstæðra dyra er 1,2 m eða meira, mega þær vera án grindar.
12. Ef lyftustóll er búinn bakskoti fyrir flutning á sjúkrabörum eða því um líku, skal læst hurð vera fyrir bakskotinu. Þannig skal frá gengið, að þegar hurðin að bakskotinu er opin, rjúfi hún sambandið til ytri stjórnhnappa lyftunnar.

15. gr.

Farmþungi og gólfflötur lyftustóls.

1. Fyrir hverja lyftu skal mesti leyfilegur flutningsþungi tilgreindur og skal notkun lyftunnar ávallt vera innan þeirra takmarka.

2. Á öllum hurðum í dyrum lyftuganganna og í lyftustólnum skal vera greinilegt spjald, sem tilgreini hámarksþunga (sjá 23. gr.).

Í eftirfarandi töflu er tilgreindur mannfjöldi og þungi í hlutfalli við mesta og minnsta gólfplatarmál lyftustóls.

Mannfjöldi	Þungi kg	Gólfplötur í m ²	
		Hámark	Lágmark
1	100	0,4	0,3 = 55 × 55 cm
2	175	0,6	0,4
3	250	0,8	0,6
4	325	1,0	0,8
6	475	1,35	1,15
8	600	1,65	1,45
10	750	1,95	1,75
12	900	2,25	2,05
14	1050	2,55	2,35
16	1200	2,85	2,65
20	1500	3,40	3,20
24	1800	3,95	3,75
30	2250	4,70	4,45
36	2700	5,40	5,10

Þegar stólstærð til vöruflutninga er ákveðin, ber að taka tillit til þeirra tegunda vara, sem flytja skal.

Þegar um er að ræða lyftur í sjúkrahúsum, sem eiga að geta flutt sjúkrahörur og sjúkrarúm, má víkja frá ofangreindu um stærð gólfplatar í hlutfalli við þunga.

Ef um lyftur í sjúkrahúsum er að ræða, sem gerðar eru fyrir flutning sjúkrarúma, en á heimsóknartíma eru notaðar til mannflutninga, skal lyftan búin hámarksþungarofa, sem kemur í veg fyrir, að lyftan fari af stað við 15% yfirhleðslu. Að lyftan sé ofhlaðin skal gefið til kynna í stólnum með hljóði eða ljósmerki og lýsandi skilti með áletruninni „ofhlaðin“. Með kyrrstæðum vélum skal vera hægt að ferma stólinn með nánar tilteknum yfirþunga til prófunar, án þess að strengirnir skriði í sporum drifhjólsins.

Reynsluþunginn á að svara til fulls álags fólks-lyftu með sama gólfleti. Fallhemlar og stýringar skulu gerðar fyrir sama þunga.

16. gr.

Andvægi.

1. Sérhvert andvægi skal ganga milli stýringa þannig, að það geti hvorki orðið fast, slöngvazt eða valdið tjóni við fall.
2. Fjarlægð milli andvægis og stóls og andvægis og veggjar má ekki vera minni en 4 cm.
3. Andvægi, sem ganga innan lyftugangs annarrar lyftu skulu vera afþiljuð alla brautarleiðina. Slík afþiljun má vera úr stálþráðarneti með 5 cm möskvum.
4. Nauðsynlegar eftirlitslúgur verða að vera á gangavegnum eða afþiljuninni bæði að ofan og neðan.

17. gr.

Stýringar og stýriskór.

1. Lyftustól og andvægi skal haldið á braut sinni af leiðarteinum, sem séu svo langir, að stýriskórnir geti ekki farið út fyrir enda þeirra.

Vegna þenslu við hitabreytingar og sigs, sem kann að verða á gangaveggjum mega leiðarteinar ekki vera steyptir fastir í botn ganganna.

2. Leiðarteinar fyrir lyftustól með fallhemlum skulu hafa þann styrkleika og vera þannig festir, að þeir þoli það átak, sem þeir verða fyrir við grip fallhemlanna, þegar stóllinn fellur á þá.

Krafturinn P , sem fram kemur, þegar stóllinn stöðvast í falli af fallhemlunum, reiknast þannig:

Hraði 0,6 m/sek $P = 4,5$ G.

Hraði 0,6—0,85 m/sek $P = 5$ G.

Hraði 0,85—1,0 m/sek $P = 5,3$ G.

Fyrir vægt fall $P = 3$ G.

Fyrir skriðandi stöðvun $P = 2$ G.

G = samanlagður þungi stóls og þungans í honum.

Tog- eða þrýstispenna í stólleiðarteinum má ekki fara fram úr 1800 kp/cm².

Sveigjulengd leiðarteinanna reiknast eftir Eulers-reglu:

$$I = \frac{P \cdot L^2 \cdot S}{E \cdot \pi^2}$$

I = Tregðuvægi þversniðsins í cm⁴ (minnsta).

S = Öryggisstuðull = 2.

L = Sveigjulengd í cm.

$E = 2100000$ kp/cm² fyrir stálleiðarteina.

$E = 100000$ kp/cm² fyrir viðarleiðarteina.

18. gr.

Stöðuvísar, aðvörunarbjöllur.

1. Sérhver lyfta með lokuðum lyftugöngum, sem hefur meira en 2 stöðvistaði, skal hafa búnað bæði í stól og utan lyftuganga, sem sýnir hvar lyftustóllinn er staddur á hverjum tíma. Fyrir 2 eða fleiri lyftur með sameiginlegu (kollektiv) stjórnkerfi er nægilegt, að stöðuvísir utan lyftuganga sé á aðal hæð. Ef tvær lyftur eru hlið við hlið, önnur með safnstýringu, hin með einfaldri hnappastýringu, skulu báðar lyftur hafa stöðuvísa á öllum hæðum.
2. Sérhver lyfta í lokuðum svelt, sem ætluð er til mannflutninga (2. gr. c og d) skal vera búin hringingarlögn þannig, að hægt sé að gefa merki frá stólnum til húsvarðar eða annars hentugs staðar. Bjallan skal vera merkt „Neyðarkall frá lyftu“ og hnappurinn í stólnum merktur „Neyðarbjalla“.

Bjölluhnappurinn á að vera greinilega auðkenndur, svo að hann skeri sig úr frá hæðarstillihnöppunum (Rauður) og vera ofan við þá. Sé bjallan þannig staðsett, að hringingin heyrir ekki í stólnum, skal önnur bjalla vera í lyftugöngunum. Rafstraumur til neyðarbjöllu skal koma frá rafhlöðum.

19. gr.

Ganghraði lyftunnar.

1. Mesti leyfilegur ganghraði sjálfvirkar fólkslyftu, (flokkur d 2) án grindar í stóldyrum er 1 m/sek. Þetta ákvæði gildir bæði fyrir lyftur með safnstýringum og lyftur með einfaldri hnappastýringu. Ef ganghraðinn er meiri en 0,75 m/sek skal lyftan hafa sérstakan hraðastillibúnað, sem minnkar hraðann, áður en stóllinn stöðvast á hæðum.

2. Ef ganghraðinn er yfir 1,25 m/sek skal í stóldyrum vera grind, sem ekki er hægt að opna meðan stóllinn er á ferð.
3. Ef lyftustóllinn er með sjálfvirkum þéttum hurðum, má ganghraðinn fara upp í 2,5 m/sek.

Sé þess óskað að hafa ganghraðann meiri, skal leita samþykkis Öryggis-
eftirlitsins.

4. Mesti leyfilegur ganghraði fyrir vöru-fólkslyftur (flokkur c) án grindar í stóldyrum er 1 m/sek. Sé meiri hraða óskað, gilda sömu ákvæði og um fólkslyftur.
5. Ef um er að ræða vöru-fólkslyftur án grindar í stóldyrum og með meiri hraða en 0,6 m/sek verður bil milli stóls og hurðar í dyrum lyftuganga, svo og áferð veggjar í lyftugöngum að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru varðandi fólkslyftur (14. gr. 9). Ef vöru-fólkslyfta er þannig staðsett í húsi, að gera megí ráð fyrir, að hún verði að miklu leyti notuð til mannflutninga og ef ganghraðinn er meiri en 0,6 m/sek skal öryggisþröskuldur vera í dyrum stólsins (sbr. 14. gr. 10).

20. gr.

Stjórnþæki og hreyfibúnaður.

1. Sérhverja lyftu skal vera hægt að stöðva á öruggan hátt úr stól, hvar sem er á lyftuleiðinni.

Þegar um þrýstihnappastýringu er að ræða, skal vera sérstakur stöðvihnappur í lyftustólum í lyftum, sem falla undir flokk c og d, en utan við hverjar dyr á lyftum tilheyrandi flokk b. Litur stöðvihnappsins skal vera annar en hinna hnappanna (svartur).

2. Vörulyftur, flokkur b og smályftur, flokkur a, með meira en 20 kg burðargetu skulu vera þannig gerðar, að þeim verði einungis stjórnað frá utanverðum lyftugöngum.
3. Vörulyftum með lyftuverði, flokkur c 1, skal einungis vera hægt að stjórna frá stólnum. Í sérstökum tilfellum getur Öryggiseftirlitið leyft frávik frá þessu ákvæði og þá með sérstökum skilyrðum.
4. Sjálfvirkar vöru-fólkslyftur, flokkur c 2, má búa utanverðum og innanverðum stjórnþækjum, en þó því aðeins, að þau séu þannig gerð og tengd hvort öðru, að hreyfing, sem komið hefur verið af stað með innanverðum stjórnþækjum, verði ekki trufluð af utanverðu tækjunum og að skipting frá innanverðri stjórn í utanverða og öfugt, verði einungis framkvæmd meðan lyftustóllinn er í kyrrstöðu. Lyftur þessar skulu vera svo gerðar, að gangsetning utan frá geti ekki átt sér stað þegar eftir að stóllinn hefur stöðvazt (hiðrofi).
5. Fólkslyfta með lyftuverði, flokkur d 1, skal vera þannig gerð, að henni verði einungis stjórnað frá stólnum.
6. Sjálfvirkar fólkslyftur, flokkur d 2, mega vera með bæði innanverðum og utanverðum stjórnþækjum, ef þannig er frá tækjunum gengið, sem krafizt er í 4. lið, en auk þess skal svo um búð, að ekki sé hægt að heita utanverðu stjórnþækjunum, fyrr en eftir 5 sek. frá því að lyftustóllinn var stöðvaður.

Ekki þarf þó að uppfylla þessar kröfur, ef lyftan hefur safnstýringu, þar sem kvaðningar bæði innanfrá og utanfrá eru „skráðar“ til að sinna köllum eftir röð. Í slíkum lyftum skulu bæði ræsi- og stöðvikvaðningar gefnar til kynna með ljósmerki við þrýstihnappana í stólnum. Að utan skal svar við kvaðningu gefið með ljósmerki.

7. Ef stjórnþæki lyftu er vogararmur, á armurinn að falla sjálfkrafa í óvirka stöðu og rjúfa stjórnstrauminn um leið og honum er sleppt.

Ef um annan vélrænan stjórnþæki er að ræða (hjól eða streng), verður að

vera þannig frá gengið, að ræsing geti ekki átt sér stað, ef straumrof verður, nema stjórnþæki séu áður sett í óvirka stöðu.

8. Á þaki lyftustóls skal vera aðgengilegur rofi til að rjúfa stjórnstrauminn. Skal rofinn þannig gerður, að örugglega verði séð, þegar straumurinn er rofinn.
9. Á þaki lyftustóls skal vera búnaður til að gangsetja lyftuna, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
 - a. Að þar sé tengihnappur fyrir hreyfingu lyftustólsins upp, þannig gerður, að straumurinn rofni sjálfkrafa, þegar fjarlægðin milli stólpaksins og lofts yfir lyftugöngum er ca. 2 m.
 - b. Að frá stólpaki sé ekki hægt að hreyfa lyftuna hraðar en 0,75 m/sek.
 - c. Að þar sé skiptirofi með hnöppum merktum E (eftirlit) og N (notkun) þannig gerður, að hann þurki út allar kvaðningar, sem kunna að hafa verið gefnar og geri samtímis alla þrýstihnappa stjórnþækisins, bæði í stól og utan lyftuganganna, óvirka.
 - d. Að hreyfing stólsins vari einungis meðan þrýstihnöppum merktum „upp“ — „niður“ er haldið inni.
 - e. Að rofi sé, sem krafist er í 8. lið þessarar greinar, sé staðsettur við búnað þann, sem krafist er samkvæmt 9. lið þessarar greinar a—d.

21. gr.

Burðarstrengir (keðjur, belti o. þ. l.).

1. Í öllum lyftum, með þeim undantekningum, sem að neðan greinir, þar sem vindan hefur tromlu, sem vefur burðarstreng, keðju e. þ. l. upp á sig, skulu bæði lyftustóll og andvægi hanga í að minnsta kosti tveim strengjum, keðjum, beltum o. þ. l.
2. Við smályftur með tromluvindur má leyfa, að lyftustóll og andvægi hangi í einum streng.
3. a. Í lyftu með drifhjólsvindu, sem er í flokk c með 500 kg burðargetu eða meira eða flokki d fyrir 6 manns eða meira, skulu lyftustóll og andvægi hanga í minnst 3 strengjum, nema ákvæði d-liðar þessarar greinar sé fullnægt á annan hátt.
- b. Í lyftu með drifhjólsvindu, flokkur d, og ætlað er að bera 3—5 menn, þurfa burðarstrengir stóls og andvægis ekki að vera meira en 3.
- c. Aðrar lyftur með drifhjólsvindu þurfa ekki að hafa nema 2 burðarstrengi.
- d. Núningsviðnámið milli strengja og drifhjóls skal vera það mikið, að lyftan geti borið 50% yfirþunga, án þess að strengirnir skriki á drifhjólinu. Álagsbogi strengjanna á drifhjólinu má ekki vera undir 135°.
4. Burðarstrengir (keðjur o. þ. l.) skulu vera aðskildir og þannig festir, að þunginn skiptist jafnt á þá, sbr. 26. gr. 1. lið varðandi lyftur með drifhjólsvindu með 3 eða fleiri strengjum. Þegar strengur er tengdur við stól eða andvægi, skal það gert sem hér segir:

Strengsmeyging (splæs) með einni strengklemmu, eitt bragð og tvær strengklemmur, strenglås eða sérstakur festibolti með keilusæti til að steypa strenginn fastan í með hvítmálm. Þegar um tromluvindu er að ræða, skal lengd strengja vera svo mikil, að á tromlunni sé að minnsta kosti eitt vaf eftir, þegar stóllinn eða andvægið eru í neðstu stöðu.

Strengirnir skulu leiddir inn í gegnum gat á tromlunni og festir í hana innanverða.

5. Þegar stálstrengir eru notaðir, gilda eftirfarandi lágmarkstölur — í hlutfalli milli drifhjólspvermáls og strengjaþvermáls:

Hraði í m/sek allt að	0,6	1,0	1,5	2,0	2,5
Þvermál tromlu og drifhjóls í hlutfalli við strengja- þvermál	40d	42d	44d	46d	48d
d = strengjaþvermál.					

Ef strengir eru með mismunandi þráðargildleika, skal reikna meðalþvermálið og draga 20% frá.

Ekki er leyft að nota strengi með minna en 10 mm þvermáli fyrir lyftur, sem falla undir flokk c og d.

6. Öryggisstuðull strengja fyrir togspennu má ekki vera minni en gefið er í töflunni hér fyrir neðan og reiknaður er samkvæmt eftirfarandi reglu:

$$s = \frac{\sigma \cdot Q}{P}$$

þar sem s = öryggisstuðull, σ = brotspenna strengsins í kp/mm² Q = samantlagt þverflatarmál strengsins í mm² og P = álagið (notþungi + stóll) í kp. Ef leið lyftunnar er 20 m eða meiri, skal bæta þunga strengjanna við.

Í útreikningi má ekki reikna með hærri brotspennu en $\sigma = 140$ kp/mm², þó að strengur sá, sem um er að ræða, hafi hærri brotþol.

Minnsti leyfilegur öryggisstuðull.

Hraði í m/sek allt að	0,6	1,0	1,5	2,0	2,5
Tromluvindur	12	14			
Drifhjólsvindur	18	20	22	24	26

Ef strengir beygjast í S yfir strengjahjól, skal auka öryggisstuðulinn um 10%.

Ef þunga stólsins er jafnað beint út með andvægi, skal telja þverflatarmál þeirra strengja, sem til þess fara með samantögu þverflatarmáli strengjanna.

Krefjast má prófunarvottorðs af framleiðanda þeirra strengja eða keðja, sem notaðar eru.

7. Bitar, hjólásar og aðrir burðarhlutir skulu þannig reiknaðir og hannaðir, að mótspennan í efninu fari ekki fram úr 1/8 brotspennunnar við stöðugt og jafnt álag og ekki fram úr 1/10 brotspennunnar við breytilegt álag.

22. gr.

Drifvindur og aðrir hreyfihlutar.

1. Drifvélar lyftu skulu vera þannig hannaðar eða búnar slíkum tækjum, að ganghraði sá, sem stólnum er ætlað að hafa, geti ekki aukizt um meira en 1,0 m/sek. Þetta ákvæði gildir fyrir allar vélknúnar lyftur og telst fullnægt þegar:
 - a. Drifvélnar eru knúnar með rafhreyfli með stöðugum hámarks snúningshraða.
 - b. Drifaflið kemur frá aflás með stöðugum snúningshraða.
 - c. Hraðinn helzt óbreyttur, þegar tómur stóll vökvaknúinnar lyftu fer upp eða fulllestaður stóll fer niður með fullopnum stjórnskriðli vökvaprýstikerfisins.
2. Drifvélar vélknúnnar lyftu skulu vera búnar hemli, sem þegar í stað stöðvar vinduna, ef drifaflið fer eða ef stjórnkerfin eru gerð óvirk.
3. Hemlabúnaður drifvélna skal hafa tvær, hvora annarri óháðar fjaðrir eða bæði vogarþunga og fjöður, sem hvort um sig er nægilega öflugt til að stöðva vélarnar þegar í stað, þó að annað verði óvirkt.

Drifvél, sem knúin er beint frá rafhreyfli, skal hafa hemil, sem losnar með rafmagni.

4. Drifvélar fyrir lyftur með lyftustól (flokkur a, b, c og d) skulu fá drifaflíð til tromluássins um snigil og snigilhjól, með eða án millitannhjóla.
Við hraða, sem er yfir 2,0 m/sek má nota vélar án tannhjólábúnaðar.
5. Þegar stálstrengir eru notaðir á tromluvindu, skulu vera rennd spor í tromluna fyrir strengina til að leggjast í. Varðandi festingu strengjanna sjá 17. gr. 4.
6. „Upp—niður—hnappur“ til að hreyfa lyftuna skal vera í vélarrúminu svo og í strengjahjólarrúmi, ef það er ekki rétt við vélarrúmið.
Tæki til að loka fyrir drifaflíð (stjórnstrauminn) skal vera í vélarrúmi og strengjahjólarrúmi. Tæki þetta skal vera við inngöngudyr.
Í vélarrúminu skal vera búnaður til að snúa drifvélum með handafli, svo að hægt sé að hreyfa stólinn í neyðartilfellum.
Snúningsáttin upp og niður skal sýnd á hreyflinum.
7. Allir hreyfihlutar lyftu, sem ekki eru í lokuðu rúmi, skulu vera afgirtir eða undir hlífum, svo að þeir valdi ekki slysum á mönnum.
Undir strengjahjólum efst í lyftugöngum skal vera traust járnplötuhlíf eða grindur.
8. Í verzlunarhúsum, íbúðarhúsum, hótélum og líkum byggingum þurfa vélaundirstöður og tækjafestingar að vera með hljóðdeyfandi undirlagi. Við hönnun og staðsetningu á lyftum og vélum þeirra skal það gert með tilliti til þess, að sem minnstur hávaði stafi af þeim.

23. gr.

Skilti.

1. Á sérhverri hurð í dyrum til lyftu og í sérhverjum lyftustól skal vera skilti af þeirri gerð og stærð, sem Öryggiseftirlitið ákveður. Skal skilti þetta fest í ca. 1,50 m hæð frá gólfi og á því vera greinileg áletrun, sem gefur til kynna tegund lyftunnar, burðargetu o. s. frv. samkvæmt eftirfarandi forskrift:
 - a. Smályfta. Burðargeta kg.
 - b. Vörulyfta. Burðargeta kg.
Fólksflutningar bannaðir.
 - c. Vöru- og fólkslyfta. Burðargeta kg (meðtalinn lyftuvörður).
Notist einungis undir stjórn lyftuvarðar.
 - d. Fólkslyfta. Burðargeta manns (meðtalinn lyftuvörður).
Notist einungis undir stjórn lyftuvarðar.
- c 2. Vöru-fólkslyfta. Burðargeta kg.
- d 2. Fólkslyfta. Burðargeta manns.

Ekki skal annað standa á skiltunum en að framan greinir.

Letrið á að vera greinilegt og burðargeta gefin með tölum, en ekki í orðum.

2. Sé þess sérstaklega óskað getur Öryggiseftirlitið leyft, að skilti, sem á að vera á hurð, sé sett við dyr og þá í nánd við kallhnapp. Þá getur Öryggiseftirlitið einnig leyft í sérstökum tilfellum, að í stað skiltis í stól fólkslyftu sé textinn grafinn í stjórnhnappaplötu stólsins.

Við lyftur til mannflutninga (flokkur c og d), sem ganga milli þriggja eða fleiri hæða, skulu hæðartölur vera á þeirri hlið hurðar í gangadyrum, sem snúa inn í göngin.

Önnur skilti eða tilkynningar en það, sem að framan greinir, má ekki hengja upp í lyftustól eða á lyftuhurðir, nema að fengnu leyfi Öryggiseftirlitsins.

24. gr.

Lýsing.

1. Allar inngöngudyr til lyftu og lyftustólar til mannflutninga skulu vera búin fullnægjandi lýsingu, þar sem dagsljós gefur ekki nægilega birtu. Þar sem raflýsing er notuð, skal ljósstraumgreinin vera óháð straumgrein lyftuvélanna. Í lyftustól sjálfvirkar fólkslyftu (flokkur d 2) skal rofinn fyrir ljósastrauminn vera falinn og vera lykilorfi ellegar sjálfvirkur tímarofi.
2. Í vélarrúmi lyftu og í stengjahjólarrúmi skal ávallt vera handlampi og ljósarofinn skal vera við inngöngudyr.

Tengill á að vera á þaki lyftustóls, neðan á honum og í stengjahjólarrúmi.

Í botni lyftuganga og upp við loft þeirra skulu vera föst ljósastæði og rofar í göngum, sem náð verður til, þegar stóllinn er í neðstu og efstu stöðu. Í lyftugöngum skal vera lýsing og ekki meira en 5 m milli ljósastæða. Rofi fyrir þessi ljós má vera í vélarrúmi lyftunnar og skal vera merktur.

25. gr.

Læsingar og hurðarsnertlar.

Við allar lyftur skal þannig frá gengið:

1. Að hurðir í dyrum lyftuganga geti ekki opnast, ef gólf lyftustólsins er meira en 20 cm fyrir ofan eða neðan dyraþröskuldinn.
2. Að ekki sé hægt að setja lyftustólinn á hreyfingu með hinum venjulegu stjórn-tækjum, nema allar dyr í lyftugöngum og lyftustól séu lokaðar.

Ef þessu ákvæði er fullnægt með rafbúnaði (með hurðarsnertlum), á stóllinn þegar að stöðvast, ef lás eða dyr eru opnaðar meðan stóllinn er á hreyfingu.

Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir, að notuð sé svokölluð fínstilling, þó því aðeins að hreyfingin eigi sér stað á sviði milli 20 cm ofan við og 20 cm neðan við viðkomustaðinn, og að fínstillingin sé framkvæmd með hægagangi. Ef fínstillingin fer fram með opnum gangdyrum, skal vera hlíf til varnar gegn klippihættu milli hæðargólfsins og stólgólfsins. Skal hlíf þessi vera yfir alla breidd stólsins og það breið, að hún nái niður fyrir gólfbrún hæðarinnar.

3. Til þess að kröfum 1. og 2. liðar teljist fullnægt, gildir auk þess eftirfarandi fyrir einstaka lyftuflokka:

A. Fyrir sjálfvirkar lyftur í flokki b (vörulyftur) með allt að 0,75 m/sek hraða skal við hurðir gangdýra vera:

a. Tvær hvor annarri óháðar lokur, ef hvor um sig opnast eða lokast fyrir áhrif einungis einnar fjaðrar.

b. Ef opnunin eða lokunin framkvæmist fyrir áhrif tvöfaldrar fjaðrar eða einnar fjaðrar og hreyfingaráhrifa frá lyftustól, nægir ein loka.

B. Fyrir sjálfvirkar lyftur í flokki b með ganghraða, sem er meiri en 0,75 m/sek, fyrir sjálfvirkar vöru-fólkslyftur í flokki c 2 og fyrir sjálfvirkar fólkslyftur í flokki d 2 skulu lokur gangdýra hafa þvingaða hreyfingu (án áhrifa frá fjöðrum eða þunga) og lokast áður en stóllinn fer á hreyfingu. Auk þess búnaðar, sem að framan getur, skal lokubúnaðurinn hafa fjöður, sem er óháð þvinguðu hreyfingunni og heldur lokunni í þeirri stöðu, sem hún á að vera. Lokubúnaður sá, sem nefndur er undir A- og B-lið, skal vera þannig þungajafnaður, að þyngdaraflið vinni ekki gegn fjaðrarkraftinum.

Rennilokur (rilar) skulu að minnsta kosti ganga 10 mm inn í lokunar-stykkið.

C. Við lyftur, sem stjórnað er af lyftuverði, flokkur c 1 og d 1, skulu lásar á hurðum vera þannig, að ekki sé hægt að opna utan frá, nema með sérstökum

lykli, sem á að vera í vörzlu lyftuvarðar. Þetta ákvæði gildir ekki fyrir lyftur í flokki c 1 með rafmagnsstjórnkerfi og lyftur með samsettu stjórnkerfi (flokkur d 4), ef í stólnum er lykilrofi til að rjúfa stjórnstrauminn eða ef stjórnstraumurinn er aftakanlegur og skal þá lykilrofi og stjórnarmur vera í vörzlu lyftuvarðar. Auk þess skulu hurðarlokur vera samkvæmt því, sem krafizt er í B-lið.

Í lyftum með samsettu stjórnkerfi eiga sjálfvirku stjórnækin að verða óvirk um leið og stjórnarmurinn er settur inn og verða virk um leið og hann er aftur tekinn út.

- D. Við sjálfvirkar fólkslyftur (flokkur c 2 og d 2), sem ganga hraðar en 1,25 m/sek og við lyftur með lyftuverði (flokkur c 1 og d 1), sem ganga hraðar en 2 m/sek, má ekki vera hægt að opna stöldyr, meðan stóllinn er á ferð.
 - E. Ef lyftustóllinn er með hreyfanlegu tengigólfi skv. 8. lið 14. gr. má stóll sjálfvirkrar fólkslyftu (flokkur d 2) geta gengið með opnum stöldyrum, þegar hann er tómur.
 - F. Hafa skal búnað til að opna dyr lyftuganga, sem lyftustóll er ekki við, enda skal þannig frá gengið, að óviðkomandi geti ekki notað hann.
4. Hurðarsnertlar: Við lyftur, sem falla undir flokk b og sjálfvirkar lyftur í flokkunum c og d, má einungis nota hurðarsnertla með þvinguðu straumrofi. Á tviskiptum hurðum má vera einn snertill, ef hvor hurð fyrir sig eða báðar í sameiningu hafa áhrif á snertlana.

Þessu ákvæði telst fullnægt, þegar annar hluti snertilsins er á karminum, en hinn á hurðinni (hurðunum) eða millistykki fasttengdu hurðinni, sem á engan hátt verður hreyft, svo að samband verði, án þess að dynnar séu lokaðar.

Snertilhlutarnir á karminum skulu vera þannig staðsettir, hannaðir og varðir, að ekki sé mögulegt að skammhleypa þá, nema með sérstöku, til þess löguðu leiðandi stykki úr málm. Ef hurðarsnertlar eru algjörlega faldir og þannig staðsettir, að ekki verði komizt að þeim, verður að vera við þá sérstakur skammhleypibúnaður til afnota fyrir gæzlumenn lyftunnar og við eftirlit.

26. gr.

Fallhemlar og gangstillir.

- 1. Lyftustólar, sem ekki eru knúnir frá burðarkólfi (sbr. 7. gr.) skulu vera búnir eftirfarandi öryggistækjum:
 - a. Örugnum hemli eða gripbúnaði þannig tengdum við streng eða keðju, sem stóllinn hangir í, að stóllinn tengist þegar fastur á leiðarteinana, ef einn eða fleiri strengir slitna eða lengjast verulega. Þessa búnaðar er ekki krafizt á smályftum (flokk a) með allt að 50 kg burðargetu og vörulyftum (flokk b) með allt að 3,50 m lyftuhæð, þar sem sérstakur búnaður læsir stólnum föstum á sínum stað, um leið og dyr lyftuganganna eru opnaðar.
 - b. Á smályftum með 50—100 kg burðargetu nægir það, að fallhemlar gripi, ef strengurinn (strengirnir) slitna. Öryggiseftirlitið getur leyft sérstakar stólhurðir í þessar lyftur í stað fallhemla. Á drifhjólslyftum með 3 eða fleiri strengjum má festa strengina beint í stólinn án sambands við fallhemlana. Í slíkum tilfellum verður fjöður (gormur) að vera milli strengja og stóls og strengja og andvægis. Ef þannig er frá gengið, verða fallhemlarnir að vinna vegna áhrifa frá hraðastölinum.
 - c. Lyftur sem ganga með 1,0 til 1,5 m/sek hraða skulu vera með olíuhöggdeyfa undir stólnum til þess að draga úr högginu, sem fram kemur, þegar fallhemlarnir grípa. Ef hraðinn er meiri en 1,5 m/sek, skal nota skriðandi gripbúnað.

2. Fólkslyftur í flokkum c og d skulu einnig hafa hraðastillitæki, þannig tengd fallhemlum, að stóllinn sitji fastur á leiðarteinunum áður en fallhraði hans hefur farið meira en 0,4 m/sek fram yfir venjulegan ganghraða sé bannu allt að 1,0 m/sek, en 0,3 m/sek sé ganghraðinn meiri. Ákvæði þetta útilokar þó ekki aðrar gerðir fallhemla, sem sjálfstætt uppfylla framangreindar kröfur um hámarkshraða, ef Öryggiseftirlitið telur slíkt tæki fullnægjandi.
3. Hraðastillitækið á að hafa snertil, sem rýfur stjórnstrauminn, vinnur jafnt á báðar hreyfingarstefnur og verður virkur áður en hemlunarhraða er náð.
4. Áður en fallhemlar eru viðurkenndir, skulu þeir prófaðir með því að láta stólinn fullhlaðinn fara niður með mesla leyfilegum hraða. Eiga fallhemlar að stöðva stólinn áður en hraðaaukningin hefur farið fram úr 0,3 m/sek.

Fallhemlar skulu vera svo varðir, að vörur eða annað geti ekki snert þá og gert þá óvirka, þeir eiga að vera aðgengilegir, svo að auðvelt sé að komast að þeim til eftirlits og til að stilla þá.

Á drifhjólslyftum er hægt að prófa fallhemla með því að breyta hraðastillingum.

27. gr.

Hæð og dýpt lyftuganga.

1. Hæðin frá gólfi efstu hæðar, sem lyfta stöðvast við, upp undir þekju lyftuganganna, á að vera það mikil, þegar andvægið situr á samanþjöppuðum höggdeyfum í neðstu stöðu eða botni lyftuganganna, að frá stólpaki upp undir þekjuna sé minnst 700 mm öryggishæð og frá grindarboga stólsins upp undir þekju 400 mm að viðbætti vegalengd c, d og e liðar.

$V =$ ganghraði lyftu í m/sek.

Með 700 mm hæðinni frá stólpaki er gengið út frá því að þar sé flötur, nægilegur hvað stærð og lögun snertir, til þess að þar geti maður hafzt við, án þess að stofna sér í hættu. Hæðin frá gólfi efsta viðkomustaðar upp undir þekju lyftuganganna ákveðst af eftirfarandi hæðum í a, b og c lið.

- a. Hæðin frá gólfi lyftustóls upp á pall á stólpaki.
 - b. Öryggishæð 700 mm.
 - c. $230 \cdot V^2$ mm við lyftur með allt að 1,25 m/sek ganghraða.
140 $\cdot V^2$ mm við lyftur með meiri hraða.
 - d. Frígangur fyrir andvægi skal minnst vera 250 mm.
 - e. Viðauki vegna strengjatögnunar: 0,5% af lyftihæð.
 2. Gryfja lyftuganga: Gryfjan skal að minnsta kosti vera svo djúp, að undir neðsta hluta stólgrindar sé 500 mm öryggishæð, þegar stólinn situr á fullkomlega samanþrýstum höggdeyfum eða föstu undirlagi. Dýpt gryfjunnar ákveðst af samanlögðum eftirfarandi hæðum í a, b og c lið.
 - a. Hæð frá gólfi lyftustóls niður á neðsta hluta stólgrindar.
 - b. 500 mm öryggishæð.
 - c. $200 \cdot V^2$ mm við lyftur með allt að 1,25 m/sek ganghraða.
110 $\cdot V^2$ mm við lyftur með meiri hraða.
 - d. Frígangur fyrir stól, frá hæð til endarofa, hámark 200 mm.
- Við lyftur með allt að 1000 kg burðargetu og upp í 1,25 m/sek ganghraða má þó reikna hæðina frá stólgólfi niður á neðsta hluta stólgrindar 300 mm.

28. gr.

Endarofar, höggdeyfar.

1. Sérhver lyfta skal búin tæki, sem á sjálfvirkan hátt stöðvar drifvélin, þegar lyftustóllinn hefur náð efstu eða neðstu stöðu.

2. Í þessu augnamiði skulu vera tvö hvort öðru óháð tæki og skal annað þeirra vinna á sama hátt og gangsetningarbúnaðurinn, en hitt óháð honum.
Þetta ákvæði gildir ekki fyrir smályftur með drifhjólsvindu. Endarofar, sem stjórnast af vélum eða stól með sama tengibúnaði, teljast ekki hvor öðrum óháðir.
3. Við rafknúnar lyftur með tromluvindu skal annar endarofinn hafa þvingaða hreyfingu og rjúfa aflstrauminn fyrir báðar hreyfingarstefnur.
Ef um 3 fasa riðstraum er að ræða, skal að minnsta kosti rjúfa 2 fasa.
4. Við rafknúnar lyftur með drifhjólsvindu geta endarofar verið sem hér segir:
 - a. Eins og krafizt er fyrir tromluvindur í 3. lið.
 - b. Með endarofa í lyftugöngum, sem rýfur stjórnstrauminn með beinum áhrifum frá stólnum. Í þessu tilfelli á lyftan, auk hinna venjulegu hæðarofa að hafa tvö hvort öðru óháð tæki, sem stöðva lyftustólinn, þegar framangreindum endamörkum er náð. Tæki þessi skulu vinna á sama hátt og hinn venjulegi hreyfirofi, en vera óháð honum.
5. Í botni lyftuganganna fyrir fólkslyftu, sem gengur með 1,0 til 1,25 m/sek hraða skulu vera fjaðrahöggdeyfar til að mýkja landingu stólsins eða andvægisins við fall.
Ef ganghraði stólsins er meiri en 1,25 m/sek skulu notaðir olíuhöggdeyfar.
6. Lengdir stólbrautar og andvægisbrautar í lyftugöngum skulu vera þannig afmarkaðar, að andvægi setjist á höggdeyfa eða botn lyftuganganna áður en stóllinn nemur við þekju þeirra. Á sama hátt skal stóllinn setjast á höggdeyfana eða stöðvistalla í botni lyftugagnanna, áður en andvægið nær þekjunni sbr. 27. gr.
7. Olíuhöggdeyfar í botni lyftuganganna skulu vera með rofa, sem rýfur stjórnstrauminn, ef höggdeyfarnir þrýstast saman.
Einnig skal straumurinn rofna, er fallhemlar grípa.

29. gr.

Stöðvun vegna slökunar strengja.

1. Allar vélknúnar lyftur, sem hafa tromluvindu, þar sem lyftustóllinn hangir í stálstrengjum eða keðju, skulu hafa tæki, sem stöðvar vélarnar, ef burðarstrengirnir (keðjan) slitna eða slaknar á þeim, hvort heldur slaki stafar af því að fallhemlar hafa fest stólinn eða hann hefur festst af öðrum orsökum á niðurleið.
Í þessum tilfellum verður rofinn að vinna fyrir bein áhrif frá strengjunum.
2. Ef um drifhjólsvindu er að ræða, á sjálfvirkur búnaður að stöðva vélarnar um leið og fallhemlarnir grípa.
Í þessu tilfelli verður rofinn að vinna fyrir bein áhrif frá fallhemlunum.

30. gr.

Rafmagnslagnir og raftæki.

1. Allt efni til raflagna og öll raftæki, sem heyra lyftu til, skal að gerð og gæðum vera samkvæmt kröfum Rafmagnseftirlits ríkisins og raflögnum öllum skal haga samkvæmt gildandi reglum.
2. Með tilliti til raftækja skulu vélarrúm og tækjarúm vera rakalaus.
3. Tengill fyrir handlampa eða vinnuljós á þaki lyftustóls skal vera í málmkassa og með loki eða í vari.
Hreyfanleg rafleiðsla til lyftustóls skal vera þannig lögð, að hún geti ekki hangið föst eða klemmzt föst þegar stóllinn er á hreyfingu.

Leiðslur fyrir ljós og hringingu skulu vera í sérstökum streng, en ekki í sama streng og stjórnstraumurinn og straumur til dyrasnertla, nema hann sé sérstaklega segulsviðsvarinn, „skermaður“.

4. Rafleiðslukerfið skal þannig lagt og tengt, að stóllinn verði ekki settur á hreyfingu, ef útleiðsla verður til jarðar.
5. Þar sem dyrasnerlar og raflagnir verða að þola raka, svo sem við utanhússlyftur, skulu lagnir og tæki vera af viðurkenndri, vatnspéttri gerð. Í herbergjum, þar sem hætta getur verið á hættulegu gasi, skulu raflagnir vera gasþéttar.
6. Þar sem um 3 fasa riðstraum er að ræða, skal þannig frá gengið, að straumurinn geti ekki náð til hreyfilhemils eða gangsetningartækis, ef straumrof verður á 1 fasa.
7. Aðalrofi í vélarrúmi, skal vera sem næst dyrum.

31. gr.

Uppsetning og viðgerðir.

Einungis rafvirkjameistarar með sérþekkingu á lyftum mega standa fyrir uppsetningu eða viðgerð á rafbúnaði lyfta, sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar. Ber þeim að fylgjast með því, að lyfta sú, sem þeir sjá um uppsetningu á, uppfylli kröfur þær, sem gerðar eru í reglugerð þessari.

Þá ber þeim og að tilkynna Öryggiseftirlitinu alla þá galla, sem þeir kunna að verða varir við á lyftu, sem þeim hefur verið falin til viðgerðar.

Einnig ber þeim að fylgjast með því, að þeir hlutar lyftunnar, sem falla undir ákvæði byggingarsamþykktar, séu samkvæmt settum reglum.

Að lokinni uppsetningu eða aðalviðgerð tilkynna þeir lyftuna Öryggiseftirlitinu til úttektar eftir því sem við á.

VI.

REKSTUR OG UMSJÓN

32. gr.

Ábyrgð eiganda.

1. Eigandi lyftu, eða sá, sem fyrir hans hönd rekur hana, ber ábyrgð á því, að lyftan sé ekki notuð nema fulltryggt sé, að allur búnaður hennar sé í fullkomnu lagi. Eigandi ber enn fremur ábyrgð á því, að lyfta, sem lyftuvörður á að stjórna, sé ekki notuð án lyftuvarðar. Prentaðar leiðbeiningar fyrir lyftuvörðinn skulu hanga uppi í lyftustólnum.
2. Verði slys á mönnum eða efnislegt tjón í sambandi við lyftu, skal þegar í stað tilkynna það Öryggiseftirlitinu.
3. Eigandi lyftu skal fela kunnáttumanni umsjón með daglegum rekstri lyftunnar sbr. 33. gr. og tilkynna Öryggiseftirlitinu skriflega, hver sé umsjónarmaður.

33. gr.

Umsjónarmaður, lyftuvörður.

1. Sérhver lyfta á að vera undir reglulegu eftirliti umsjónarmanns, sem fylgist með því, að öll öryggistæki hennar séu í lagi og veitir lyftunni nauðsynlega þjónustu, svo sem smurningu og nauðsynleg þrif.
2. Umsjón með lyftu má einungis fela manni, sem þekkingu hefur á raftækjum og öryggistækjum þeim, sem lyfta á að vera búin, og viðurkenndur er af Öryggiseftirlitinu til þessara starfa.

3. Á 30 daga fresti skal umsjónarmaður lyftu yfirfara öryggistæki lyftunnar, smyrja hana og veita henni þá þjónustu aðra, sem nauðsynleg kann að reynast.
4. Meðan lyfta er ekki í notkun vegna eftirlits eða viðgerðar, skal það greinilega gefið til kynna með tilkynningu á spjaldi, sem hengt er upp við hverjar dyr inn í lyftugöngin.

Þurfi dyr inn í lyftugöng að vera ólæstar meðan á viðgerð eða eftirliti stendur, skulu slár til öryggis settar fastar fyrir dyrnar.

5. Stjórn lyftu má einungis fela þeim, sem þekkja til fullnustu stjórnþæki lyftunnar og náð hafa 16 ára aldri.

VII.

EFTIRLIT

34. gr.

Tilkynningarskylda.

1. Áður en lyfta, sem reglugerð þessi tekur til er sett upp, skal tilkynna það Öryggiseftirlitinu og fá samþykki þess fyrir hinu fyrirhugaða fyrirkomulagi. Tilkynningunni skal fylgja lýsing á lyftunni, nauðsynlegir uppdrættir, svo og útreikningar strengja og annarra burðarhluta. Tilkynningareyðublöð fást hjá Öryggiseftirlitinu.

Ef um nýjar gerðir, eða áður óþekkta tegund lyftu er að ræða, getur eftirlitið krafist uppdráttar af einstökum hlutum lyftunnar.

Tilkynningar ásamt framangreindum fylgiskjölum skulu sendar eftirlitinu í tvíriti. Heldur eftirlitið öðru eintakinu, en sendir seljanda lyftunnar hitt, ásamt athugasemdum eða samþykki eftir því sem við á.

2. Ef meiriháttar viðgerð þarf að fara fram á lyftu, skal það tilkynnt Öryggiseftirlitinu, áður en viðgerð hefst. Eftirlitsmaður sker úr um það, hvort viðgerðin sé svo yfirgripsmikil, að talizt geti aðalviðgerð, sem að henni lokinni krefjist úttektar, sem um nýja lyftu væri að ræða, eða venjuleg skoðun nægi.

35. gr.

Prófun og úttekt.

1. Áður en ný lyfta er tekin í notkun, eða eftir aðalviðgerð, skal Öryggiseftirlitið láta fara fram allsherjar skoðun á lyftunni og ganga úr skugga um, að hún fullnægi kröfum þeim, sem gerðar eru í reglugerð þessari. Öryggistæki lyftunnar skulu öll prófuð.
2. Gallar þeir, sem kunna að koma fram við skoðunina, skulu lagfærast áður en leyfð er notkun lyftunnar.
3. Hafi lyftan eftir skoðun og prófun reynzt uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru í reglugerð þessari, gefur eftirlitsmaður Öryggiseftirlitsins út skoðunarvottorð og heimilar notkun hennar. Ekki má þó nota lyftuna fyrr en heimild liggur fyrir frá viðkomandi rafveitustjórn.

Jafnframt framangreindu skoðunarvottorði gefur eftirlitsmaður Öryggiseftirlitsins vottorð um skoðun og prófun lyftunnar, sem hengja skal upp við stjórnþækin í lyftustólum.

4. Alla nauðsynlega aðstoð við skoðun og prófun lyftunnar lætur seljandi hennar eða eigandi eftirlitsmanni í té Öryggiseftirlitinu að kostnaðarlausu.

36. gr.

Skoðanir.

1. Öryggiseftirlitið lætur framkvæma árlega skoðun á öllum fólkslyftum og annað hvert ár á vörulyftum, sem ekki eru leyfðar til fólksflutninga.
Við skoðunina skal allur öryggisbúnaður athugaður og prófaður.
2. Reynist öryggisbúnaður og annað það, er máli skiptir í fullkomnu lagi, gefur eftirlitsmaður út skoðunarvottorð, er heimilar áframhaldandi notkun lyftunnar, og sams konar vottorð og um getur í 35. gr. til að hengja upp í stól lyftunnar.
3. Komi gallar á búnaði lyftunnar í ljós við skoðun, skal eftirlitsmaður tilkynna umsjónarmanni lyftunnar það skriflega og tilgreina frest til umbóta, eða stöðva rekstur lyftunnar, þar til úrbætur hafa farið fram, séu gallarnir svo alvarlegir, að eftirlitsmaður telji það nauðsynlegt.
4. Umsjónarmaður lyftunnar skal þegar að skoðun lokinni tilkynna eiganda lyftunnar niðurstöður hennar og leita heimilda til að láta framkvæma þær umbætur, sem kann að hafa verið krafizt.
5. Umsjónarmaður lyftu sér svo um, að eftirlitsmaður fái alla nauðsynlega aðstoð við framkvæmd skoðunarinnar Öryggiseftirlitinu að kostnaðarlausu.
6. Öryggiseftirlitið getur, hvenær sem er á reglulegum vinnutíma, látið framkvæma skoðun, en að jafnaði skal tilkynna það umsjónarmanni lyftunnar, með að minnsta kosti tveggja daga fyrirvara.

VIII.

ÝMIS ÁKVÆÐI

37. gr.

1. Þar sem ákvæði reglugerðar þessarar eru strangari en eldri ákvæði, má veita undanþágu frá þeim, ef um er að ræða lyftur, sem verið er að setja upp, þegar reglugerð þessi tekur gildi, eða keyptar hafa verið til landsins fyrir þann tíma.
2. Eigi að umbyggja eldri lyftu, auka við hana, eða framkvæma á henni svo miklar breytingar eða endurbætur, að talizt geti aðalviðgerð, skal það gert samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Ef um minniháttar breytingar er að ræða, getur Öryggiseftirlitið krafizt þess, að farið sé eftir ákvæðum reglugerðarinnar að svo miklu leyti, sem kann að þykja nauðsynlegt af öryggisástæðum.

3. Við eldri lyftur, sem ekki fullnægja kröfum reglugerðar þessarar, getur Öryggiseftirlitið krafizt þeirra úrbóta, sem af öryggisástæðum kunna að þykja nauðsynlegar.

38. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla laga nr. 23/1952.

39. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 1. febrúar 1952, öðlast gildi 1. september 1972 og fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð um eftirlit með lyftum nr. 56 12. júní 1929.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. júlí 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.